

5. mars 2007

SI-32761

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 27. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 591. mál.

Frumvarpið fjallar um þrjú mál: i) Skattalega meðferð starfstengdra lífeyrissjóða, ii) Skattlagningu arðtekna fyrirtækja með erlenda búsetu og takmarkaða skattskyldu á Íslandi, iii) Skattalega stöðu fólks í óvígðri sambúð.

Fyrsta málið fjallar um skattalega stöðu starfstengdra lífeyrissjóða og lögleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins, 2003/41/EB, um slíka sjóði. Í frumvarpi til laga um starfstengda lífeyrissjóði, móðurfrumvarpi þessa máls (mál 568/133 þskj. 844), segir í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins: „Tilskipunin tekur ekki til skyldubundins framlags og aðildar að lífeyrissjóðum sem tíðkast almennt hér á landi. Tilskipunin tekur einungis til eftirlaunasjóða sem eru starfstengdir og valkvæðir og á því ekki heldur við um séreignarsjóði sem myndaðir eru með viðbótarlífeyrissparnaði einstaklinga þar sem þeir eru ekki starfstengdir. Ákvæði frumvarpsins eiga þannig við um eftirlaunasjóði sem komið væri á fót í frjálsum samningum milli starfsmanna og vinnuveitenda þeirra um tiltekin störf.“

Með tilvísan til þessarar lýsingar og þess að ekki er búist við umtalsverðum áhrifum á ríkisfjármál gerir bankinn ekki athugasemd við málið.

Um annan frumvarpsliðinn, skattlagningu arðtekna, má ætla að íslenska ríkið sé skyldugt samkvæmt EES-samningnum til að jafna skattalega stöðu umræddra fyrirtækja. Fjárlagaskrifstofa telur áhrif á ríkistekjur lítil og vandséð er að breytingin geti haft varhugaverð áhrif á íslenska fjármálakerfið. Seðlabankinn gerir því ekki athugasemdir.

Þriðji frumvarpsliðurinn, um skattalega stöðu fólks í óvígðri sambúð, er ekki talinn hafa umtalsverð áhrif á ríkistekjur og snertir að öðru leyti ekki starfssvið Seðlabankans. Bankinn gerir því ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri